



Reykjavík, 18. nóvember 2022

Niðurstaða athugunar á áhættumati Sparisjóðs Strandamanna á samningssamböndum og einstökum viðskiptum

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands hóf athugun á aðgerðum gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Sparisjóði Strandamanna ses. (hér eftir sparisjóðurinn) með bréfi dagsettu 24. mars 2022.

Markmið athugunarinnar var að kanna fylgni við afmarkaða þætti laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Nánar tiltekið náði athugunin til áhættumats á samningssamböndum og einstökum viðskiptum (áhættuflokkunar viðskiptamanna og einstakra viðskipta).

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í október 2022 og var byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst. Eftir að athugunin hófst átti sér stað lagabreyting með lögum nr. 62/2022 um breytingu á lögum nr. 140/2018. Niðurstaða athugunarinnar tók mið af þeim lögum sem í gildi voru þegar athugun hófst.

Gerð var athugasemd við að fullnægjandi skjalfest aðferðarfræði við áhættumat á samningssamböndum og einstökum viðskiptum væri ekki til staðar hjá sparisjóðnum. Framangreint var ekki talið í samræmi við 5. gr. þágildandi laga nr. 140/2018, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 545/2019 um áhættumat vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Þá var gerð athugasemd við að ekki væri tekið tillit til þeirra lágmarkspáttu sem horfa skal til við áhættuflokkun viðskiptamanna. Framangreint var ekki talið í samræmi við 5. gr. þágildandi laga nr. 140/2018, sbr. 5. gr. reglugerðar nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.